



**RÁÐSTEFNA** Sigríður Björg Tómasdóttir og Hildur Helga Gísladóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Búast við margmenni

Norrænar kvennahreyfingar koma saman og standa fyrir Nordiskt Forum ráðstefnunni sem haldin verður í Svíþjóð á næsta ári.

Kvenna- og jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum verður haldin í Malmö á næsta ári. Búist er við allt að fimmtán þúsund gestum á þessa umfangsmestu ráðstefnu femínista um árabil.

„Íslenskar konur fjölmenntu á norrænu kvennaráðstefnum sem haldnar voru í Ósló 1988 og í Turku 1994 og minnst þeirra með mikilli gleði, krafturinn og samstaðan var svo mikil. Við búumst að sjálfsögðu við því að það sama verði uppi á teningnum núna enda fundið fyrir miklum áhuga,“ segir Sigríður Björg Tómasdóttir, verkefnastýra Nordiskt Forum á Íslandi.

Ráðstefnan er haldin að frumkvæði norrænna kvennahreyfinga og er markmið hennar að taka púlsinn á stöðu jafnréttismála í dag og leggja línurnar í jafnréttisbaráttu morgundagsins.

„Ráðstefnan markar tímamót í sögu norrænna kvennahreyfinganna en þetta er í fyrsta sinn sem þær skipuleggja svo umfangsmikla ráðstefnu. Og það er mjög mikill áhugi á því að taka þátt í henni á öllum Norðurlöndunum, bæði hjá opinberum aðilum, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum,“ segir Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastýra Kvenfélagasambands Íslands og fulltrúi Íslands í norrænum stýrihóp ráðstefnunnar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki haldið kvennaráðstefnu síðan í Peking árið 1995. Ástæða þess er bakslag í jafnréttisbaráttu heimsins og ótti við að markmið sem þá voru uppfyllt séu í hættu verði opnað á samningaumleitanir um þau. Norrænu kvennahreyfingarnar mátu það hins vegar svo að norræn ráðstefna um jafnréttismál væri bæði mikilvæg og nauðsynleg í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna um allan heim.

„Dagskráin er metnaðarfull, það verða fyrirlestrar, málstofur, tónleikar, listviðburðir og alls konar skemmtilegheit,“ segir Sigríður Björg, sem hvetur konur og karla til að skrá sig til leiks sem fyrst.

„Málefnum sem eru til umræðu er skipt í tólf þemu, meðal annars eru umhverfismál, kynfrelsi, launajafnrétti, stjórn-málaþátttaka, ofbeldi gegn konum og stúlkum, flóttamenn, fjölmiðlar og framtíð femínismans á dagskránni, það má sannarlega búast við spennandi umræðu og rökræðum.“

Nordiskt Forum stendur frá fimmtudeginum 12. júní til sunnudagsins 15. júní. Hún er haldin á ráðstefnusvæðinu í Malmö, meðal annars í höllinni sem hýsti Eurovision-keppnina síðastliðið vor. „Malmö verður öll undirlögð þessa daga, þarna verður pottþétt mjög gaman að vera,“ segir Sigríður Björg.

kjartan@frettabladid.is